

mér. Eg hefði heldur viljað búa í lágu hreysi, með fléttaðann vínvið fyrir dyrustafi og horfa á berin roðna undan kossum haust-sólarinnar. Eg hefði heldur viljað vera bláfátækur bóndi, með ástríka konu við hlið mér, er sæti við þrjóna sína í rökrinu, með börnin á knjám mér og arma þeirra um háls mér; eg hefði heldur viljað vera sá maður, og hverfa ofan í þvingandi þögn hins dreymandi dufts, heldur en vera keisaraleg persóna, valdagjörn, drápgjörn og fræg eins og Napoleon mikli. Já, eg vildi það heldur—þúsund sinnum heldur.—

HETJUR OG HRÆSNARAR.

Trúið þið því, að mér finnst stundum að allir hræsnarar heimsins eigi ekki einn einasta ærlegan blóðdropa til í æðum sínum. Mér þykir illt að vita til þess, að nokkur maður hafi nokkurntíma dáið píslarvættisdauða fyrir trú sína. Eg vildi að þeir, sem það geta, öfluðu sér vegsemdar á annan auðveldari hátt. Það er sorglegt að sjá góðum og trúum manni fórnfært, fyrir dálítinn flokk af hálfgjörðum skepnum og villidýrum. En það eru altaf til menn, einhverstaðar, sem ekki vilja víkja hársbreidd út af réttum vegi. Það eru altaf, einhversstaðar til göfug hjörtu, viljug til að deyja fyrir háleita sannfæringu; og væri það ekki fyrir slíka menn, þá værum við enn í dag jafnir viltum rándýrum merkurinnar. Það hafa verið til menn sem ekkert vildu *eta ofan í sig aftur*; og hefðu þær fáu, hraustu hetju-sálir ekki verið til, á öllum öldum, meira og minna, þá værum vér ennþá mannætur, með dýramyndir brendar á brjóst vor, dansandi kringum eitthvert höggorms-skurðgoðið.

Þegar eg les þessar hræðilegu bækur, finnst mér stundum að eg hafi orðið að þola allar píslirnar sjálfur. Mér finnst eg hafa staðið á strönd útlegðarlandsins, og horft tár votum augum í áttina til föðurlandsins og heimkynna minna. Mér finnst eg hafa legið bundinn fram á einhverri sandströndinni, bíðandi þess, að verða svelgdur af flæðandi öldum hafsins. Mér finnst sem neglurnar hefðu verið rifnar af fingrum mér og nálum